



26. mars  
2020

## Hæfnissetur ferðaþjónustunnar

Vinna með Hæfnissetri ferðaþjónustunnar að Snæfellsnes appi/Hvað veistu um Snæfellsnes, er í fullum gangi. Þið getið öll sent inn tillögu að spurningu, sem þarf að vera stutt, hnitmiðuð og hafa fjóra svarmöguleika þar sem einn eða allir eru réttir.

Núna vantar 10 manna "meistaradeild" sem er tilbúin til að prófa spurningarnar fyrir okkur. Hverri spurningu þarf að fylgja lýsandi mynd (og eins og alltaf þarf að koma fram hver er höfundur og að við höfum heimild til að birta myndina).

Markhópurinn eru t.d. ferðaþjónustuaðilar, áhugamenn um Snæfellsnes og kennarar í átthagafræði. Áhugasamir hafi samband í netfangið: [ragnhildur@snæfellsnes.is](mailto:ragnhildur@snæfellsnes.is)



Teistur Sæferðir



Spjallað við réttarvegginn í Eyrarsveit. Tómas Kristjánsson

## Meira um Svæðisgarðinn og samstarf

Við mótun svæðisgarðs eru sérstaða og gæði í náttúru og samfélagi dregin fram og skýrð. Afraksturinn er gerður aðgengilegur og settur fram á notadrjúgan hátt.

Þá geta fyrirtæki sótt þangað efnivið í hugmyndir, kynningargögn og vörubrúun eða komið auga á tækifæri til samstarfs.

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes getur verið vettvangur margvíslegs samstarfs og miðlunar á forsendum heimamanna og á grundvelli sérstöðu og landkosta. Með svæðisgarði verður þannig einn plús einn að þremur.

### Hvað er svæðisgarður?

Farvegur til samstarfs.

Íbúar, fyrirtæki og sveitarstjórnir á afmörkuðu svæði taka sig saman og skilgreina sérstöðu svæðisins og þau gæði sem þar er að finna.

Síðan byggja aðilarnir samstarf sitt, um atvinnu- og samfélagsþróun, á þessari sérstöðu.

Segja má að svæðisgarður sé byggðaðróunarmódel.

Í svæðisgörðum víða um heim hefur verið komið á umfangsmiklu samstarfi á mörgum sviðum mannlífs, svo sem við skóla, fyrirtæki, hverskonar samtök og sveitarfélög. Svæðisgarðurinn Snæfellsnes er eini svæðisgarðurinn á Íslandi.

Snæfellingar hafa oft verið í fararbroddi.

## Fjölmenningarhátíð

Vinna að Fjölmenningarhátíð á Snæfellsnesi 2020 er hafin. Fljótlega verður upplýst hvaða sunnudag í október hátíðin, sem búin er að festa sig í sessi, verður haldin.

Það eru starfsmenn Átthagastofu Snæfellsbæjar sem leiða vinnuna. Góðar hugmyndir um það hvernig við getum fagnað fjölbreytileikanum og hrist enn betur saman fjölmenningarsamfélagið sem við búum í, eru vel þegnar, næsti fundur verður í næstu viku og það er með þetta eins og margt annað; það verður eins gott og við gerum það.

## Sameinuðu þjóðirnar og Snæfellsnes

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru metnaðarfull markmið fyrir sjálfbæra þróun á heimsvísu, sem flestar þjóðir heims vinna nú að. Ísland er þar engin undantekning.

Á Snæfellsnesi höfum við tengt markmið Svæðisskipulags Snæfellsness: Andi Snæfellsness -> auðlind til sóknar 2014 - 2024, við þessi markmið, sjá hér: <https://www.snæfellsnes.is/yomislegt>. Þar má sjá hvernig stefnumarkandi aðgerðaráætlun Snæfellinga tekst á við úrlausnarefni sem unnið er að á heimsvísu.

### Tenging SSK við Heimsmarkmið SP



### Áskorendahornið

Ingi Hans sagnamaður fær bestu þakkir fyrir Grundarfjarðarævintýri gærkvöldsins. Með þessum hlekk má m.a. hlusta á hvernig hægt er að hugsa í lausnum þegar reynir á.

Nokkrar áskoranir hafa flogið fram og til baka yfir fjallgarðinn, einhverjir liggja nú undir feldi og við munum á næstu dögum væntanlega fá að kíkja inn í skúr í Ólafsvík, heyrja hugleiðingar um matarmenningu ofl.

Allt verður þetta kynnt í fréttabréfum næstu daga.

Í kvöld, kl. 20, 26. mars 2020, ætlar Guðjón Jóhannesson bóndi í Syðri - Knarrartungu að lesa frumsamið ljóð. Viðburðurinn verður í beinni útsendingu frá fésbókarsíðu konu hans: Guðnýjar Jakobsdóttur og verður síðar deilt á samfélagsmiðlum Svæðisgarðsins.